

BREYTING Á AÐALSKIPLAGI HÖRGÁRSVEITAR 2012-2024 -TILLAGA



Unnið fyrir Hörgársveit

27. ágúst 2025

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagsgögn	4
2	MARKMIÐ	4
3	FORSENDUR	4
3.1	Framkvæmd og leyfisveitingar	4
3.2	Staðhættir og náttúrufar	5
3.3	Tengsl við aðrar áætlanir	6
3.3.1	Landskipulagsstefna	6
3.3.2	Svæðisskipulag Eyjafjarðar	8
3.3.3	Aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024	8
3.3.4	Deiliskipulag í gildi	9
3.3.5	Kerfisáætlun Landsnets	9
3.3.6	Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	9
3.3.7	Náttúruminjaskrá og Náttúruverndaráætlun	9
3.3.8	Aðgerðaáætlun í loftlagsmálum	9
3.3.9	Byggðaáætlun 2018-2024	10
3.3.10	Vatnaáætlun 2022-2027	10
3.4	Málsmeðferð og kynning	10
4	EFNISTÖK AÐALSKIPULAGSBREYTINGAR	11
4.1	Rafveita	11
4.2	Efnistökusvæði	11
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	15
5.1	Umhverfispættir	15
5.2	Aðferðir við umhverfismat	16
5.3	Valkostir	16
5.4	Áhrifamat	19
5.5	Mótvægisaðgerðir vegna aðalvalkostar	23
6	HEIMILDARSKRÁ	26
7	SAMPYKKTIR	27

SKÝRSLA-UPPLÝSINGABLAÐ			
Titill skýrslu: Breyting á Aðalskiplagi Hörgársveitar 2012-2024		Tegund skýrslu: Skipulagsgreinargerð	
Verkheiti: Aðalskiplag Hörgársveitar		Verkaupi: Hörgársveit	
Verkefnisstjóri: Óskar Örn Gunnarsson		Verkefnisstjóri/fulltrúi verkkaupa	
Höfundur: ÓÖG	Skýrslunúmer: 1	Verknúmer: SA1101J	Fjöldi síðna:
Útdráttur:			
Lykilorð:			
Staða skýrslu: ☒ Í vinnslu ☐ Drög til yfirlstrar ☐ Lokið		Dreifing skýrslu og upplýsingablaðs ☒ Opin ☐ Dreifing með leyfi verkkaupa ☐ Trúnaðarmál	

Útgáfusaga						
Nr.	Höfundur		Rýnt		Samþykkt	
	Nafn	Dags.	Nafn	Dags.	Nafn	Dags
1	Helena Björk Valtýsdóttir	8. maí 2024				
2	Óskar Örn Gunnarsson	15 október 2024	Helena Björk Valtýsdóttir	15 október 2024		
3	Óskar Örn Gunnarsson	5. ágúst 2025				



1 INNGANGUR

Gerð er breyting á Aðalskiplagi Hörgársveitar 2012-2024, á skipulagsuppdrætti og greinargerð sem staðfest var 17.12.2015. Breytingin er til komin vegna áforma Landsnets um framkvæmd við Blöndulínu 3, 220 kV háspennulínu sem liggur um Hörgársveit á um 41 km löngum kafla og nær breytingin til strengleiðar Blöndulínu 3 innan marka Hörgársveitar ásamt helgunarsvæði hennar ásamt því að tveimur efnistökusvæðum vegna framkvæmdarinnar er bætt við á uppdrátt og í greinargerð. Aðalskiplagsbreytingin er í samræmi við 1. mgr. 36. greinar skipulagslaga nr. 123/2010.

Samhliða aðalskiplagsbreytingu þessari eru gerðar breytingar á *Aðalskiplagi Akureyrar 2018-2030* og *Aðalskiplagi Húnavatnshrepps 2021-2022* vegna Blöndulínu 3.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar sem ákvarðar um matsskyldu, sbr. tl. 13.02.

1.1 Skipulagsgögn

Gerð er breyting á greinargerð og uppdráttum. Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Gildandi og breyttur aðalskiplagsuppdráttur í mkv. 1:50.000.
- Greinargerð þessi með forsendum og umhverfismatsskýrslu.

2 MARKMIÐ

Í Kerfisáætlun Landsnets 2023-2033 er gert ráð fyrir Blöndulínu 3 sem hluta af endurnýjunaráætlun Landsnets. Meginmarkmið framkvæmdarinnar er að bæta flutningsgetu meginflutningskerfisins og auka þannig afhendingargetu allra afhendingarstaða á landsbyggðinni. Blöndulína 3 er þannig mikilvægur hlekkur í samtengingu landshluta með fullnægjandi flutningsgetu. Þá er framkvæmdinni ætlað að tryggja stöðugleika raforkukerfisins á Norður- og Austurlandi gegn truflunum í orkuvinnslu með því að bæta samtengingar virkjana á Norður- og Austurlandi, ásamt því að tryggja tvær öflugar tengingar inn á Eyjafjarðarsvæðið. Þannig mun línan þjóna allri núverandi starfsemi á Norður- og Austurlandi sem og uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar. Að auki mun línulögnin auka nýtni núverandi virkjana sem tengjast við meginflutningskerfið á Norðurlandi, með því að auka mögulega orkunotkun á svæðinu. Við núverandi kerfi hefur ekki verið hægt að fullnýta virkjanir á svæðinu vegna flutningstakmarkana á núverandi byggðalínu en með samtengingu virkjana innan svæðis sem afmarkast af Blöndulínu 1 í vestri og Fljótsdalslínu 2 í austri myndast sterkur kjarni virkjana og verður þá mögulegt að bæta talsvert við orkunotkun innan svæðisins. Á það meðal annars við um Eyjafjarðarsvæðið og Skagafjörð en með sterkum tengingum úr tveimur áttum mun tiltæk afhendingargeta aukast mikið.

3 FORSENDUR

3.1 Framkvæmd og leyfisveitingar

Í dag liggur Blöndulína 2 frá Blöndustöð að Varmahlíð og þaðan liggur svo Rangárvallalína 1 til Akureyrar. Fyrirhugað er að taka Rangárvallalínu 1 niður með tilkomu Blöndulínu 3 en gert er ráð fyrir að Blöndulína 2 verði áfram í rekstri í óbreyttri mynd út líftíma sinn sem hlekkur í raforkukerfinu á Norðurlandi. Í umhverfismatsskýrslu Landsnets segir að ekki liggi fyrir að svo stöddu hvort eða hvenær Blöndulína 2 verði sett í jörðu en framtíðarákvarðanir um línuna komi til með að byggja á ástandi flutningskerfisins á þeim tímapunkti. Í umhverfismatsskýrslu Landsnets kemur fram að í samræmi við uppbyggingaráætlanir sem birtar séu í kerfisáætlun hafi Landsnet á undanförunum árum unnið að byggingu nýrrar kynslóðar byggðalínu sem samanstandi af byggingu nýrra 220 kV lína, byggða með

stálröramöstrum. Í Hörgársveit verður línun byggð á slíkum möstrum, en líkt og kemur fram í umhverfismatsskýrslu Landsnets verða reist snjóflóðamöstur á svæðum þar sem er hætta á ofanflóðum. Endurnýjunin hófst árið 2019 með uppsetningu Kröflulínu 3 frá Fljótsdal að Kröflu og var línun spennusett í september 2021. Landsnet vinnur einnig að uppsetningu á Hólasandslínu 3 sem liggja mun frá Hólasandi (við Kröflu) að Akureyri og er áætlað að þeirri framkvæmd ljúki árið 2022. Blöndulína 3 er svo þriðji áfangi í byggingu nýrrar kynslóðar byggðalínu, en á 10 ára áætlun Landsnets um uppbyggingu meginflutningskerfisins eru á áætlun alls fimm línur sem saman mynda samfellda 220 kV tengingu frá Hvalfirði til Fljótsdalsstöðvar á Héraði.

Í sumum tilfellum þarf starfsleyfi fyrir efnistöku eða námuvinnslu, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sérstaklega 6. gr. laganna, og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. 4. gr. hennar. Sótt skal um starfsleyfi til heilbrigðisnefndar sveitarfélags og skal slík leyfi liggja fyrir áður en framkvæmdir við efnistöku hefjast, þar á meðal fyrir efnistökusvæðum E-14 og E-15 sem tilheyrir Blöndulínu 3..

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands. Þegar hönnun línuleiðarinnar liggur fyrir í fullri útfærslu skal hún send til Minjastofnunar Íslands til formlegrar umsagnar, skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Stofnunin metur þá hvort og hvaða mótvægisáðgerðir þurfi að grípa til vegna skráðra fornleifa á framkvæmdasvæðinu.

Allar framkvæmdir sem eru innan 100 m frá bakka veiðivatns séu háðar leyfi Fiskistofu skv. 33. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2001.

Línuleið Blöndulínu 3 mun þvera Hringveg (1) í Bakkaselsbrekku. Þverun vegarins og staðsetning staura í nágrenni þjóðvega kallar á samráð við Vegagerðina. Sækja skal um leyfi fyrir öllum framkvæmdum innan veghelgunarsvæðis, þar með talið fyrir lagningu raflína, tengingu slóða við þjóðveg og öðrum mannvirkjum, í samræmi við vegalög nr. 80/2007. Veghelgunarsvæði er 30 m frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega. Leyfi Vegagerðarinnar þarf að liggja fyrir áður en framkvæmdir hefjast innan þessara svæða, óháð því hvort viðkomandi framkvæmd er hluti af samþykktu skipulagi.

Við framkvæmd aðkomuvega og annars undirbúnings vegna Blöndulínu 3 skal haft samráð við Norðurorku hf. um staðsetningu lagna hitaveitu og vatnsveitu á svæðinu. Framkvæmdaaðili skal afla upplýsinga frá teiknistofu Norðurorku um legu veitukerfa og gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir skemmdir eða truflun á veitum við framkvæmdir.

TEGUND LÍNU

Áréttað skal að breyting á aðalskipulagi Hörgársveitar 2012–2024 vegna Blöndulínu 3 tekur til **loftlínu**, ekki jarðstrengs. Línun verður 220 kV háspennuloftlína samkvæmt valkosti C2, og legu hennar og helgunarsvæðis er nánar lýst í þessari tillögu. **Því er ekki gert ráð fyrir jarðstreng innan marka Hörgársveitar** í þessari aðalskipulagsbreytingu, þótt slíkir valkostir hafi verið til skoðunar annars staðar á leiðinni.

3.2 Staðhættir og náttúrufar

Línuleiðin mun liggja nærri fólkvangi í Öxnadal og svæðum sem eru á náttúruminjaskrá. Rask mun verða á Hólahólum sem er berghlaup með hátt verndargildi á landsvísu. Línuleiðin mun að mestu liggja ofan við jarðmyndunina og ekki talið að línun muni rjúfa heildarásýnd hennar. Línun mun einnig liggja

yfir þverárgil ofan Hóla í um 200 m fjarlægð frá fossi sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.

Línuleiðin liggur um svæði þar sem mikilvægi búsvæða er talið lágt og mikilvægi tegunda miðlungs. Leiðin fer nærri einu fálkaóðali sem tekið verður tillit til ef framkvæmdir fara fram á varptíma. Mestan hluta leiðarinnar er línun staðsett með fram hlíðum.

Línuleiðin liggur um fjölbreyttar vistgerðir sem hafa mishátt verndargildi. Leiðin liggur að hluta um votlendissvæði, sem eru yfir tveir hektarar, og heyrar undir 61. grein laga um náttúruvernd.

Línuleiðin mun þvera ár en vegslóðir og möstur verða staðsett utan árfarvega.

Línuleiðin liggur um svæði þar sem eru skráðar 43 fornleifar. Við forhönnun og verkhönnun mannvirkja er og verður lögð áhersla á að sneiða hjá slíkum minjum til að lágmarka rask. Fornleifar í nálægð við framkvæmdasvæði verða merktar á framkvæmdatíma.

Á línuleiðinni gæti heildarrask á landbúnaðarlandi numið um 41 hektara. Rask mun verða á beitarlandi en ekki er talið að rask verði á ræktunarlandi. Á nokkrum jörðum liggur Blöndulína 3 um skipulagt skógræktarsvæði. Takmörkun verður á skógrækt á svæði undir og næst raflínu (helgunarsvæði) og vegslóðir munu einnig takmarka skógrækt. Slóðirnar geta þó síðar nýst til hagræðingar við starf skógræktaraðila.

Línuleiðin er að hluta innan fjarsvæðis vatnsverndar.

Sjónræn áhrif á landslag við Hraun í Öxnadal eru metin nokkuð mikil. Áhrif á öðrum svæðum eru minni fyrir utan næst Akureyri þar sem línun verður sýnileg í þéttbýli. Á hluta línuleiðarinnar er svigrúm, í samráði við landeigendur, til að hnika línustæðum fjær bæjum til þess að draga úr ásyndaráhrifum.

Í könnun á meðal hóps ferðapjónustuaðila, ferðamanna og útivistarfólks var bent á að svæðið í kringum Hraun og Hóla í Öxnadal væri viðkvæmt fyrir uppbyggingu á borð við nýja raflínu. Svæðið hafi mikið útivistargildi, sé mikið nýtt til gönguferða og ásynd að Hrauni og Hraundranga sé mörgum mikilvæg. Áhrif framkvæmda á útivist og afþreyingu verða varanleg hvað varðar sjónræn áhrif. Að auki mun rask á framkvæmdatíma geta haft áhrif á hvernig svæðið er notað. Áhrif á starfsumhverfi ferðapjónustuaðila er háð óvissu þar sem ekki er hægt að fullyrða hvort lega raflínunnar hafi áhrif á val framtíðar ferðamanna um þjónustu á svæðinu.

Blöndulína 3 mun að hluta liggja um þekkt snjóflóðasvæði. Við hönnun línunnar verður gert ráð fyrir snjóflóðamöstrum til að draga úr eða koma í veg fyrir bilanir vegna náttúruvárs. Á snjóflóðasvæðinu liggur línun þó samhliða Þjóðvegi 1 og því verður aðgengi að línunni gott og viðgerðartími stuttur komi til bilana vegna náttúruvárs.

3.3 Tengsl við aðrar áætlanir

3.3.1 Landskipulagsstefna

Landsskipulagsstefna er unnin á grundvelli skipulagslaga og felur í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum og almenn sjónarmið til leiðbeiningar við skipulagsgerð sveitarfélaga. Markmið með gerð landsskipulagsstefnu er að setja fram leiðarljós um landnotkun, nýtingu lands og landgæða sem tryggir öryggi og heildarhagsmuni við gerð skipulagsáætlana og stuðlar að sjálfbærri þróun og skilvirkri í áætlanagerð. Einnig er landsskipulagsstefnu ætlað að stuðla að samræmingu stefnumótunar ríkis og sveitarfélaga um landnotkun og nýtingu lands. Stefnunni er fyrst og fremst framfylgt í skipulagsáætlunum sveitarfélaga, en við gerð aðal- og svæðisskipulags skal byggt á landsskipulagsstefnu.

Alþingi samþykkti þann 16. maí, þingsályktun um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028. Er þetta í annað sinn sem landsskipulagsstefna er samþykkt en hún leysir af hólmi Landsskipulagsstefnu 2015-2026 sem tók gildi árið 2016, þá fyrsta heildstæða stefna um skipulagsmál á landsvísu. Landsskipulagsstefna felur í sér samræmda stefnu ríkisins í skipulagsmálum fyrir landið í heild og tekur til landsins alls og haf- og strandsvæða.

Í nýsamþykktri þingsályktun um landsskipulagsstefnu eru sett fram þrjú markmið stjórnvalda í skipulagsmálum, sem öll byggja á sjálfbærri þróun: A. Markmið um vernd umhverfis og náttúru, B. Markmið um velsæld samfélags og C. Markmið um samkeppnishæft atvinnulíf. Undir hverju markmiði eru settar fram áherslur ásamt tilmælum um framfylgd þeirra fyrir skipulagsgerð á miðhálendi, í dreifbýli, í þéttbýli og á haf- og strandsvæðum.

Áherslurnar byggja á þeim lykilviðfangsefnum sem innviðaráðherra lagði til grundvallar við mótun stefnunnar, til að takast á við þær áskoranir sem við blasa á sviði skipulagsmála. Lykilviðfangsefni þingsályktunar um landsskipulagsstefnu eru eftirfarandi:

1. Viðbrögðum við loftslagsbreytingum.
2. Jafnvægi í uppbyggingu húsnæðis og lífsgæða í byggðu umhverfi.
3. Uppbyggingu þjóðhagslega mikilvægra innviða.
4. Landnotkun í dreifbýli.
5. Landnotkun á miðhálendi Íslands.
6. Orkuskiptum í samgöngum og fjölbreyttum ferðamáta.
7. Skipulagi haf- og strandsvæða.
8. Skipulagi vindorku.
9. Vernd líffræðilegrar fjölbreytni.
10. Aðgerðaáætlun.

Landsskipulagsstefnu er fyrst og fremst framfylgt með skipulagsgerð sveitarfélaga, sem skulu samkvæmt skipulagslögum byggja á stefnunni við gerð skipulagsáætlana. Auk þess er sett fram aðgerðaráætlun þar sem lagðar eru fram 19 aðgerðir sem tengdar eru áherslum stefnunnar og er ætlað að ná fram markmiðum hennar. Aðgerðirnar miða einkum að því að gera skipulagsgerð sveitarfélaga skilvirkari með bættu aðgengi að grunngögnum og leiðbeiningum, tryggja heildarhagsmuni við gerð skipulagsáætlana sveitarfélaga og stuðla að sjálfbærri þróun þar sem tekið er mið af mögulegum áhrifum loftslagsbreytinga á samfélög og innviði.

Áhersla B.5: Skipulag stuðli að jöfnu aðgengi að orku um land allt og traustum veituinnviðum sem tryggja örugga afhendingu orku.

Framfylgd við skipulagsgerð:

2. Við umhverfismat kerfisáætlunar verði lagt mat á áhrif mismunandi kosta varðandi legu og útfærslu raforkuflutningsmannvirkja á víðerni og náttúru hálendisins. Á miðhálendinu taki slíkt umhverfismat til kosta sem felast í lagningu jarðstrengja auk loftlína.

3. Við skipulagsgerð verði tekið mið af tengingu við flutningskerfi raforku og áhrifum þess á náttúrugæði og umhverfisvernd.

5. Skipulagsákvæðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja öruggan flutning og afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á náttúru og landslag. Við skipulagsákvæðanir um lagningu raflína verði lagt mat á umhverfisáhrif, þar á meðal sjónræn áhrif, og leitast við að velja þann kost sem veldur minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum.

8. Skipulagsákvörðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á landslag og aðra landnotkun.

11. Skipulagsgerð á haf- og strandsvæðum stuðli að öruggum raforku- og fjarskiptastrengjum fyrir íbúa og atvinnulíf, þar sem tekið verði mið af annarri starfsemi á viðkomandi svæði, svo sem veiðum og staðbundinni nýtingu við ákvörðun um staðsetningu þeirra.

Áhersla C.2: Skipulag stuðli að orkuskiptum og að orkuauðlindir verði nýttar með sjálfbærum hætti, með það að leiðarljósi að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og tryggja orkuöryggi. Framfylgd við skipulagsgerð:

2. Við skipulag orkuvinnslu skal einnig líta til tengingar við flutningskerfi raforku og áhrifa þess á náttúrugæði og umhverfisvernd.

Breytingin er í samræmi við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 þar sem áhersla er m.a. á örugga afhendingu raforku sem nauðsynlegan þátt í að undirbyggja samkeppnishæfni einstakra byggðarlaga og landsins alls. Einnig að skipulag í dreifbýli gefi kost á uppbyggingu flutningsmannvirkja sem tryggja örugga afhendingu raforku, en slík mannvirki falli sem best að landslagi og annarri landnotkun.

3.3.2 Svæðisskipulag Eyjafjarðar

Í gildi er Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024 en það tekur til Akureyrarbæjar, Dalvíkurbyggðar, Eyjafjarðarsveitar, Fjallabyggðar, Grýtubakkahrepps, Hörgársveitar og Svalbarðsstrandarhrepps. Svæðisskipulagið byggir á skipulagslögum nr. 123/2010 og markar stefnu um byggðapróun og þá þætti landnotkunar sem talin er þörf á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna sveitarfélaganna. Meðal viðfangsefna svæðisskipulagsins eru veitukerfi, þ.e. flutningslínur raforku. Markmið svæðisskipulagsins um flutningsleiðir raforku er að tryggja flutningsleiðir raforku að Eyjafirði og milli landshluta til þess að sjá almenningi og atvinnulífi fyrir nægri orku til daglegra nota. Einnig að lega og gerð flutningslína raforku skuli taka mið af umhverfi, flugöryggi og verndun góðs ræktunarlands. Í svæðisskipulaginu kemur fram að stefnt sé að því að flutningsleiðir raforku með 132 kV og hærri spennu verði skilgreindar. Gerð hefur verið ein breyting á svæðisskipulaginu vegna flutningslína austan Akureyrar, þ.e. Hólasandslínu 3 og Blöndulínu 3. Blöndulína 3 er í ákveðnu samræmi við Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024 en þar er tilgreint að lega og útfærsla verði ekki skilgreind nánar í Svæðisskipulaginu heldur í aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga.

3.3.3 Aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024

Aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024 var staðfest 17. desember 2015. Skipulagið var unnið samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010. Leiðarljós aðalskipulagsins er að stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu, m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir atvinnulíf og mannlíf og að gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða. Í greinargerð, kafla 3.4.8 Rafveita er eftirfarandi umfjöllun um Blöndulínu 3:

Samkvæmt ofangreindri stefnu sveitarfélagsins um raflínur þá er Blöndulína 3 ekki sýnd á skipulagsupprætti þar sem ekki eru forsendur á þessu stigi til þess að ganga frá legu hennar og gerð, sbr. gildandi svæðisskipulag Eyjafjarðar (sjá kafla 1.3). Þegar ákvörðun um lagningu Blöndulínu 3 hefur verið tekin í fullu samráði við sveitarstjórn og landeigendur og tryggt að gerð og lega hennar taki mið af umhverfi, almennu öryggi og verndun góðs ræktunarlands, verði aðalskipulagi breytt.

3.3.4 Deiliskipulag í gildi

Í töflu 1 er gerð grein fyrir þeim svæðum sem búið er að deiliskipuleggja samkvæmt skipulagsvefsjá, og liggja nálægt eða að línuvalkostum Blöndulínu 3. Liggja Blöndulína 3 um deiliskipulögð svæði gæti það kallað á breytingu á deiliskipulagi.

Tafla 1. Deiliskipulög í gildi innan breytingarsvæðis.

Frístundasvæði í landi Gloppu frá árinu 2011	Valkostur C2 fer um eða í nálægð við deiliskipulagssvæðið.
Staðartunga – íbúðarhús, frá árinu 2010	Valkostir C1 og C1b fara um eða í nálægð við deiliskipulagssvæðið.
Sumarbústaðaland í landi Staðartungu, frá árinu 1987	Valkostir C1 og C1b fara um eða í nálægð við deiliskipulagssvæðið.
Frístundaland í landi Garðshorns, frá árinu 2011	Valkostir C1 og C2 fara um eða í nálægð við deiliskipulagssvæðið.
Skútar-Efnistökusvæði, frá árinu 2013	Valkostir C1, C1b og C2 fara um eða í nálægð við deiliskipulagssvæðið.

3.3.5 Kerfisáætlun Landsnets

Kerfisáætlun Landsnets 2021-2030 er áætlun um uppbyggingu flutningskerfis raforku, annars vegar 10 ára langtímaáætlun og hins vegar framkvæmdáætlun til næstu þriggja ára. Áætlunin byggir meðal annars á markmiðum raforkulagna um afhendingaröryggi og viðmiðum í stefnu stjórnvalda um lagningu raflína. Blöndulína 3 er á áætlun Landsnets um framkvæmdaverk 2022-2024. Í framkvæmdáætlun kerfisáætlunar 2024-2026, er gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjist á seinni hluta 2024 og að þeim ljúki 2027.¹

3.3.6 Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna árið 2015. Íslensk stjórnvöld hafa valið sérstök forgangsmarkmið til að vinna að og eru nánar útfærð í öðrum áætlunum stjórnvalda, svo sem aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.² Heimsmarkmið nr. 9.1. tengist Blöndulínu 3 sérstaklega, þ.e. að þróaðir verði traustir innviðir, sjálfbærir og sveigjanlegir. Tiltekin heimsmarkmið eru auk þess nýtt sem viðmið fyrir umhverfismat aðalskipulagsbreytinganna.

3.3.7 Náttúruminjaskrá og Náttúruverndaráætlun

Náttúruminjaskrá er listi yfir öll friðlýst svæði á Íslandi og mörg önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst. Samkvæmt upplýsingum á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands³ fer Blöndulína 3 nærri fólkvangi í Öxnadal.

3.3.8 Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum

Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum er framlag Íslands til að ná markmiðum Parísarsamningsins. Henni er ætlað að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og leggja grunninn að markmiði stjórnvalda um kolefnishlutleysi Íslands árið 2040. Orkuskipti í samgöngum, breyttar ferðavenjur og átak í kolefnisbindingu eru meðal helstu áhersluatriða áætlunarinnar. Ný útgáfa áætlunarinnar frá árinu 2020 skilgreinir enn frekari aðgerðir í loftslagsmálum sem stjórnvöld hyggjast hrinda í framkvæmd.⁴ Blöndulína 3 er mikilvægur liður í uppbyggingu flutningskerfis raforku á norðurlandi og framkvæmdin styður því stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum.

¹ Áætlun um framkvæmdaverk 2024-2026. <https://landsnet.is/library?itemid=6522b0cc-2cd9-413f-9d98-4f542a176db8>

² Stjórnarráð Íslands. 2021

³ Náttúrufræðistofnun Íslands. 2021

⁴ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2020

3.3.9 Byggðaaætlun 2018-2024

Markmið byggðaaætlunar er að jafna aðgengi að þjónustu og tækifæri til atvinnu og stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land⁵ og Blöndulína 3 styður við það markmið.

3.3.10 Vatnaáætlun 2022-2027

Rammatilskipun Evrópusambandsins um verndun vatns (Directive 2000/60/ESB) var innleidd með lögum 36/2011 um stjórn vatnamála, reglugerðar nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Markmið tilskipunar er að ástand yfirborðs- og grunnvatns sé ávallt gott, gerð er sú krafa að öll vatnshlot séu í góðu vist- og efnafræðilegu á standi og viðhaldist þannig.

Í gildi er vatnaáætlun fyrir Ísland sem felur í sér stefnumörkun um vatnsvernd. Hluti af vatnaáætlun er aðgerðaaætlun þar sem settar eru fram aðgerðir til að tryggja gott ástand vatns og vöktunaráætlun þar sem markmiðið er m.a. að samræma vöktun á vatni um allt land. Vatnaáætlun er unnin á grundvelli laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Í vatnavefsjá eru upplýsingar um vatnshlot og ástand vatns og strandsjávar á öllu landinu.

3.4 Málsmæðferð og kynning

Fyrirhuguð Blöndulína 3 liggur innan þriggja sveitarfélaga, þ.e. Akureyrarbæjar, Hörgársveitar, Sveitarfélagið Skagafjörð og Húnabyggð. Lagning línunnar kallar á aðalskipulagsbreytingu í öllum sveitarfélögunum.

Skipulagslýsingin var kynnt frá 1.-29. júlí. Alls bárust 13 umsagnir og ábendingar á kynningartíma skipulagslýsingar. Tekið hefur verið mið af umsögnunum við útfærslu skipulagstillögunnar.

Við vinnslu aðalskipulagsbreytingarinnar bárust umsagnir frá stofnunum, hagsmunaaðilum og íbúum. Í kjölfar athugasemda voru gerðar eftirfarandi lagfæringar á greinargerð og skýringum hennar:

- Bætt var við skýringum um leyfisskyldu efnistökusvæða og verklag innan vatnsverndarsvæða, í samræmi við ábendingar Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Norðurorku.
- Tekið var fram að um sé að ræða háspennuloftlínu, en ekki jarðstreng, til að bregðast við misskilningi sem kom fram í nokkrum umsögnum.
- Greining og mótvægisáðgerðir vegna mögulegrar röskunar á friðuðum tegundum og jarðminjum voru skýrðar í ljósi athugasemda Náttúruverndarstofnunar og Náttúrufræðistofnunar.
- Bætt var við ákvæðum um samráð við Vegagerðina og skilmála vegna framkvæmdar innan veghelgunarsvæða.
- Áhrif á beitolönd og landbúnaðarnýtingu voru endurmetin með skýrari hætti samkvæmt ábendingum landeigenda.
- Umsagnaraðilar sem ekki gerðu athugasemdir voru m.a. Veðurstofa Íslands, Skagafjörður og einstaka landeigendur.

⁵ Alþingi.2018.

4 EFNISTÖK AÐALSKIPULAGSBREYTINGAR

4.1 Rafveita

Gerð er breyting á aðalskipulagsuppdraetti þar sem tákni fyrir Blöndulínu 3 er bætt við. Einnig er gerð breyting á greinargerð á kafla 3.4.8 *Rafveita* þar sem Blöndulína 3 er skilgreind ásamt helgunarsvæði sbr. skipulagsreglugerð og reglugerð um raforkuvirki. Gerður er sá fyrirvari um línuleiðina að þegar tæknilegar forsendur verða fyrir hendi á að þá verði hluti línunnar settur í jörðu og gerð viðeigandi breyting á aðalskipulaginu.

Tafla fyrir breytingu:

Heiti línu	Lýsing
Rangárvallalína 1	Línuleið: Rangárvellir-Varmahlíð, spenna 132 kV
Dalvíkurlína 1	Línuleið: Rangárvellir-Dalvík, spenna 66 kV. Byggð fyrir 132 kV.
Dalvíkurlína 2	Línuleið: Rangárvelli-Dalvík, spenna 66 kV, jarðstrengur.

Tafla eftir breytingu:

Heiti línu	Lýsing
Rangárvallalína 1	Línuleið: Rangárvellir-Varmahlíð, spenna 132 kV
Dalvíkurlína 1	Línuleið: Rangárvellir-Dalvík, spenna 66 kV. Byggð fyrir 132 kV.
Dalvíkurlína 2	Línuleið: Rangárvelli-Dalvík, spenna 66 kV, jarðstrengur.
Blöndulína 3	Línuleið: Skagafjörður-Akureyri, spenna 220 kV, loftlína.

4.2 Efnistökusvæði

Gerð er breyting á aðalskipulagsuppdraetti og greinargerð þar sem bætt er við tveimur efnistökusvæðum sem nýta á í tengslum við framkvæmdir við Blöndulínu 3. Efnistökusvæðin eru í efri hluta Öxnadals á eyrum við Varmavatnshóla og á Vaskáreyrum.

Tafla fyrir breytingu:

Nr.	Heiti	Lýsing	Staða/ magn m ³	Jörð
E-1	Spónsgerði	Möl og sandur	50.000	Spónsgerði
E-2	Hörgá 1*	Árfarvegur og bakkar neðan við brú á Ólafsfjarðarvegi	45.000	Hlaðir/Möðruvellir
E-3	Björg	Setnáma, sethjalli frá ísaldarlokum	2.200.000	Björg
E-4	Hörgá 2*	Árfarvegur milli Djúpárbakka og Laugaland	65.000	Litli-Dunhagi, Stóri-Dunhagi, Grjótgarður, Djúpárbakki, Björg
E-5	Moldhaugaháls	Grjótnáma ásamt lagersvæði alls um 17 ha	5.000.000	Skútar/Moldhaugar
E-6	Hörgá 3*	Árfarvegur á móts við Auðbrekku	85.000	(Krossastaðir, Laugarland, Auðbrekka Hólkot)
E-7	Hörgá 4*	Árfarvegur á móts við Brakanda	15.000	(Fornhagi, Brakandi, Dagverðartunga, Skriða)
E-8	Hörgá 5*	Malarkeilur og árfarvegur Syðri-Tunguár og Ytri-Tunguár	75.000	Skriða, Fornhagi, Dagverðartunga

E-9	Hörgá 6*	Árfarvegur frá Steðja að vesturmörkum Lönguhlíðar	400.000	Skriða, Langahlíð, Neðri-Rauðilækur, Neðri-Vindheimar, Ás, Skógar, Steðji
E-10	Öxnadalsá 1	Árfarvegur frá Neðstalandi og Hraunshöfða	55.000	Efstaland, Neðstaland, Skjaldarstaðir
E-11	Öxnadalsá 2*	Árfarvegur á móts við Efstaland	55.000	Efstaland
E12	Glæsibær	Í tengslum við uppbyggingu á svæðinu er áætlað að opna gamalt malarnám á svæðinu þar sem fyrirhugað er að taka efni til notkunar í vegagerð og í lóðaframkvæmdir. Í leiðinni á að ganga frá námunni, laga hana að landi og loka með bættum umhverfisfrágangi. Í lok efnistöku tímabils verður jafnað úr brekkum og þær græddar upp. Einungis er heimilt að nýta efni sem tekið er úr efnistökusvæði E12 til gatnagerðar og viðlíka framkvæmda í íbúasvæði ÍB2 í landi Glæsibæjar. Ekki liggur fyrir hver efnisþörf er vegna ofanefndra framkvæmda en þó skal efnistaka ekki verða svo mikil að framkvæmdin teljist B-framkvæmd skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Efnistökusvæðið er alls um 1 ha að flatarmáli og afmarkast af því sem eftir stendur af malarkambi sem tekið var úr á árum áður. Við efnistöku skal ekki grafið dýpra en að núverandi landyfirborði í eldri hluta efnistökusvæðisins.	<50.000	Glæsibær
E-13	Hlaðir/Tréstaðir	Malarnám úr sethjölum frá ísaldarlokum. Að mestu í landi Hlaða. Eftir að efnistöku lýkur verður gengið frá námunni og sáð í svæðið. Æskilegt er að nýta grenndargróður í sáningu til þess að endurheimta að mestu fyrri gróðurfar. Þess skal gætt að	50.000	Hlaðir/Tréstaðir

		efnistaka fari ekki nær árbökkum Hörgár en 50 metrar og að gengið verði frá svæðinu að efnistöku lokinni og svæðið lagað að núverandi landslagi.		
--	--	--	--	--

Tafla eftir breytingu:

Nr.	Heiti	Lýsing	Staða/ magn m ³	Jörð
E-1	Spónsgerði	Möl og sandur	50.000	Spónsgerði
E-2	Hörgá 1*	Árfarvegur og bakkar neðan við brú á Ólafsfjarðarvegi	45.000	Hlaðir/Möðruvellir
E-3	Björg	Setnáma, sethjalli frá ísaldarlokum	2.200.000	Björg
E-4	Hörgá 2*	Árfarvegur milli Djúpárbakka og Laugalands	65.000	Litli-Dunhagi, Stóri-Dunhagi, Grjótgarður, Djúpárbakki, Björg
E-5	Moldhaugaháls	Grjótnáma ásamt lagersvæði alls um 17 ha	5.000.000	Skútar/Moldhaugar
E-6	Hörgá 3*	Árfarvegur á móts við Auðbrekku	85.000	(Krossastaðir, Laugarland, Auðbrekka Hólkot)
E-7	Hörgá 4*	Árfarvegur á móts við Brakanda	15.000	(Fornhagi, Brakandi, Dagverðartunga, Skriða)
E-8	Hörgá 5*	Malarkeilur og árfarvegur Syðri-Tunguár og Ytri-Tunguár	75.000	Skriða, Fornhagi, Dagverðartunga
E-9	Hörgá 6*	Árfarvegur frá Steðja að vesturmörkum Lönguhlíðar	400.000	Skriða, Langahlíð, Neðri-Rauðilækur, Neðri-Vindheimar, Ás, Skógar, Steðji
E-10	Öxnadalsá 1	Árfarvegur frá Neðstalandi og Hraunshöfða	55.000	Efstaland, Neðstaland, Skjaldarstaðir
E-11	Öxnadalsá 2*	Árfarvegur á móts við Efstaland	55.000	Efstaland
E12	Glæsibær	Í tengslum við uppbyggingu á svæðinu er áætlað að opna gamalt malarnám á svæðinu þar sem fyrirhugað er að taka efni til notkunar í vegagerð og í lóðaframkvæmdir. Í leiðinni á að ganga frá námunni, laga hana að landi og loka með bættum umhverfisfrágangi. Í lok efnistöku tímabils verður	<50.000	Glæsibær

		jafnað úr brekkum og þær græddar upp. Einungis er heimilt að nýta efni sem tekið er úr efnistökusvæði E12 til gatnagerðar og viðlíka framkvæmda í íbúasvæði ÍB2 í landi Glæsibæjar. Ekki liggur fyrir hver efnisþörf er vegna ofannefndra framkvæmda en þó skal efnistaka ekki verða svo mikil að framkvæmdin teljist B-framkvæmd skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Efnistökusvæðið er alls um 1 ha að flatarmáli og afmarkast af því sem eftir stendur af malarkambi sem tekið var úr á árum áður. Við efnistöku skal ekki grafið dýpra en að núverandi landyfirborði í eldri hluta efnistökusvæðisins.		
E-13	Hlaðir/Tréstaðir	Malarnám úr sethjölum frá ísaldarlokum. Að mestu í landi Hlaða. Eftir að efnistöku lýkur verður gengið frá námunni og sáð í svæðið. Æskilegt er að nýta grenndargróður í sáningu til þess að endurheimta að mestu fyrri gróðurfar. Þess skal gætt að efnistaka fari ekki nær árbökkum Hörgár en 50 metrar og að gengið verði frá svæðinu að efnistöku lokinni og svæðið lagað að núverandi landslagi.	50.000	Hlaðir/Tréstaðir
E-14	Öxnadalur	Malarnám úr áreyrum vegna framkvæmdar við Blöndulínu 3.Eyrin stendur lágt yfir ánni.Samkvæmt námuskrá Vegagerðarinnar skráðar sem lokaðar og frágengnar. Áður en til efnistöku kemur skal því endurmeta ástand þeirra. Þá skal tryggt að virkum farvegum árinna verði ekki raskað og gengið verði sérstaklega frá	55.000	Varmavatnshólar

		námunum að lokinni töku til að draga úr ásýndaráhrifum.		
E-15	Vaskáreyrar	Malarnám úr aurkeilu vegna framkvæmdar við Blöndulínu 3. Samkvæmt námskrá Vegagerðarinnar skráðar sem lokaðar og frágengnar. Áður en til efnistöku kemur skal því endurmeta ástand þeirra. Þá skal tryggt að virkum farvegum árinna verði ekki raskað og gengið verði sérstaklega frá námunum að lokinni töku til að draga úr ásýndaráhrifum.	96.000	Gloppa

5 Umhverfismatsskýrsla

Breyting á aðalskiplagi vegna Blöndulínu 3 fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. 2. gr. laganna. Breytingin er unnin samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og er tekin fyrir í sveitarstjórn Hörgársveitar. Í eftirfarandi umhverfismatsskýrslu verða helstu niðurstöður úr matinu raktar.

Þann 22. mars 2022 lagði Landsnet fram umhverfismatsskýrslu um Blöndulínu 3 til kynningar og athugunar Skipulagsstofnunar sbr. 23. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Framkvæmdin og umhverfismatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 25. mars 2022 í Lögbirtingablaðinu, Fréttablaðinu og Morgunblaðinu og í Feyki, Sjónarhorni og Dagskránni þann 30. mars 2022. Umhverfismatsskýrslan lá frammi til kynningar frá 25. mars til 16. maí 2022 á skrifstofum Akureyrarbæjar, skrifstofum Sveitarfélagsins Skagafjarðar á Sauðárkróki, skrifstofum Hörgársveitar Þelamerkurskóla og hjá Skipulagsstofnun. Umhverfismatsskýrslan var einnig aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar. Framkvæmdaraðili stóð fyrir opnum húsum þann 30. mars á Hótel KEA á Akureyri, 31. mars í Menningarhúsinu Miðgarði, Varmahlíð og á Nauthóli í Reykjavík þann 26. apríl 2022. Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Akrahrepps, Akureyrarbæjar, Húnavatnshrepps, Hörgársveitar, Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Ferðamálastofu, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, Landgræðslunnar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar, Vegagerðarinnar og Veðurstofu Íslands.

5.1 Umhverfispættir

Áhrifapættir eru þeir hlutar stefnunnar eða framkvæmdarinnar sem eru líklegir til að hafa áhrif á umhverfið. Umhverfispættir eru þeir þættir sem framkvæmdin eða stefnan getur haft áhrif á. Umhverfismatinu er ætlað að lágmarka neikvæð áhrif og hámarka þau jákvæðu. Í eftirfarandi töflu er vinsun umhverfispátta, þ.e. megin matsþættir og umhverfispættir sem eru líklegir til að verða fyrir áhrifum vegna breytinga á stefnu í aðalskiplagi vegna Blöndulínu 3. Val umhverfispátta byggir á fyrirliggjandi upplýsingum í ferlinu.

Tafla 2. Yfirlit yfir umhverfispætti í umhverfismatsskýrslu.

Matsþáttur	Umhverfispættir	Skýringar
------------	-----------------	-----------

Náttúrufarslegir þættir	Jarðmyndanir, vistgerðir og flóra, fuglalíf og vatnalíf	Vegna mögulegs rasks á landi og áhrifa á jarðmyndanir, gróðurfar og búsvæði fugla vegna línulagnar og efnistöku. Mögulega áhrif á vatnafar og vatnalíf þar sem línar þverar ár og vegna efnistöku.
Menningararfur og landslag	Fornleifar, landslag og ásýnd	Möguleg áhrif á fornleifar á línuleiðinni. Breytingar á ásýnd lands.
Hagrænir þættir og innviðir	Ferðapjónusta og útivist, landbúnaður og skógrækt	Styrkari innviðir og aukið afhendingaröryggi raforku. Aukin umsvif á framkvæmdatíma.
Heilsa og öryggi	Heilsa, öryggi og vatnsgæði, náttúruvæði og rekstraröryggi	Möguleg áhrif á vatnsgæði þar sem línar liggja að hluta innan fjarsvæðis vatnsverndar. Línar mun liggja að hluta um þekkt snjóflóðasvæði.

5.2 Aðferðir við umhverfismat

Við umhverfismatið var stuðst við þær upplýsingar sem fyrir liggja í umhverfismati framkvæmdarinnar. Framsetning umhverfismats er í formi matstafla og/eða texta þar sem dregnar eru saman helstu niðurstöður úr umhverfismati framkvæmdarinnar.

5.3 Valkostir

Valkostir sem til skoðunar voru í umhverfismati Blöndulínu 3 í gegnum Hörgársveit voru allnokkrir og til viðbótar var gerð greinargerð um breytta legu í Hörgársveit og Akureyrarbæ og í þessum kafla verða teknir saman þeir valkostir sem til skoðunar voru í umhverfismatinu.

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að þrír valkostir um línuleið hafi verið bornir saman á svæði C sem allir eigi sér sama upphafs- og endapunkt, frá mynni Norðurárdals að tengivirki við Rangárvelli á Akureyri. Það sem greinir leiðirnar í megindráttum í sundur er að leið C2 fer um Öxnadal, en C1 um Hörgárdalsheiði og Hörgárdal. Línuleið C1b er að mestu sambærileg C1, nema á síðasta kaflanum um Hörgárdal. Á öllum línuleiðunum eru útfærslur sem felast í stuttum jarðstrengsköflum. Línuleiðir á svæði C liggja allir um töluverð votlendissvæði, viðkvæm heiðalönd og lítt raskað land en í mismiklu mæli. Áætlað heildarflatarmál gróinna svæða sem munu raskast er mjög áþekkt með leiðarvalkostunum þremur sem og flatarmál votlendis sem verður fyrir raski.

C1 HÖRGÁRDALSLEIÐ

Línuleið C1 er að langmestu leyti vel gróin og er gróðurfar fjölbreytt á leiðinni en verndargildi vistgerða er metið miðlungs til mikið þegar á heildina er litið. Leiðin fer um ósnortin heiðalönd Hörgárdalsheiðar í um 500 m h.y.s. með flóum og smávötnum, margvíslegum votlendisvistgerðum með hátt til mjög hátt verndargildi. Votlendissvæðin á Hörgárdalsheiði og á Moldhaugahálsi, heyra undir vernd skv. 61. gr. laga um náttúruvernd og liggja valkostir á svæði C allir um síðarnefnda votlendissvæðið. Heildarumfang votlendis sem er stærra en 2 ha og heyrir undir 61.gr. náttúruverndarlaga á leið C1 er um 280 ha. Viðkvæmni gróðurs á C1 er metin miðlungs til mikil, en á Hörgárdalsheiði er hún metin mikil og viðbúið að endurgræðsla þar verði hægari en t.d. á láglendi. Þrjár plöntutegundir á svæðinu eru á valista, fjallabláklukka er tegund í nokkurri hættu (VU), maríulykill er tegund í hættu (EN) og skorutoppur (LR) en verndargildi flóru er metið miðlungs. Flatarmál áætlaðra rasksvæða vegna slóðagerðar og mastrastæða á C1 er um 48 ha þar af er umfang votlendis sem raskast og heyrir undir sérstaka vernd er tæplega 7 ha.

C1J3 HÖRGÁRDALSLEIÐ MEÐ JARÐSTRENG VIÐ STAÐARBAKKA Í HÖRGÁRDAL

Valkosturinn felur í sér að leggja jarðstreng á 5,2 km kafla á línuleiðinni undir norðurhlíðum Hraundranga. Á þessum kafla víkur strengleiðin nokkuð frá loftlínuleið C1 og fer með hlíðarfótum ofan aura Hörgár. Leiðin er að miklu leyti mýrlend og framræst að töluverðu leyti. Jarðstrengskostur liggur um meira votlendi en loftlína á þessum kafla og er verndargildi vistgerða metið nokkru hærra fyrir

jarðstrengskost en áætlað heildarrask valkosta með jarðstreng er rúmlega 6 ha meira en fyrir loftlínu þar af raskast um 3 ha meira af votlendi.

C1J4 HÖRGÁRDALSLEIÐ MEÐ JARÐSTRENG VIÐ STAÐARTUNGUHÁLS Í HÖRGÁRDAL

Valkosturinn felur í sér að leggja C1 í jarðstreng á 5,5 km kafla við Staðartunguháls. Jarðstrengskostur og loftlína á þessum kafla fara að miklu leyti um svipað land. Því er ekki afgerandi munur á grunnástandi á þessum kafla en ætlað heildarrask fyrir valkost með jarðstreng er tæplega 8 ha meira en fyrir loftlínu og þar af raskast um 1,4 ha meira af votlendi.

C1J6 HÖRGÁRDALSLEIÐ MEÐ JARÐSTRENG VIÐ AKUREYRI

Valkosturinn felur í sér jarðstrengskafla í stað loftlínu og er sameiginlegur öllum leiðarvalkostum á svæði C. Um er að ræða 2,3 km kafla norðan Akureyrar á svipuðum slóðum og fyrirhuguð loftlína. Strengleiðin liggur að mestu leyti um vel gróíð, framræst land þar sem töluverð skógrækt er stunduð. Bæði jarðstrengur og loftlína fara um áþekkt land á þessum hluta leiðarinnar og því er ekki tiltakanlegur munur á grunnástandi vistgerða og flóru milli útfærslna. Áhrif jarðstrengs felast fyrst og fremst í raski og beinum áhrifum á votlendisvistgerðir, mögulega óbeinum áhrifum með breyttu vatnsflæði um votlendi við gerð vegslóðir og strengskurða. Áætlað heildarrask er 2,5 ha meira en fyrir loftlínu og þar af raskast um 1 ha meira af votlendi.

C1b Útfærsla á Hörgárdalsleið Ofangreind umfjöllun um leið C1 á við C1b en leið C1b fer um minna votlendi og raskar um 6 ha votlendis sem nýtur sérstakrar verndar.

C2 ÖXNADALSLEIÐ - AÐALVALKOSTUR

Línuleið C2 er almennt vel gróin og gróðurfar allfjölbreytt og er verndargildi vistgerða metið miðlungs. Leið C2 um Moldhaugaháls inn á Rangárvelli er sameiginleg hinum línuleiðunum og er svæðið einkar ríkt af lítt röskuðum votlendisvistgerðum með hátt verndargildi sem heyra undir 61. 19 gr. laga um náttúruvernd. Á þeim hluta C2 leiðarinnar sem ekki er sameiginlegur C1 og C1b eru nokkrir minni mýrlendisflákar sem hefur verið raskað að hluta. Í samanburði við leiðir C1 og C1b er verndargildi gróðurs á C2 nokkuð lægra þar sem almennt er um þurrlendara land að ræða, sem hefur víða verið raskað. C2 leiðin liggur á köflum í töluverðri hæð yfir sjávarmáli en heildarumfang votlendis sem er stærra en 2 ha og heyrir undir 61. gr. náttúruverndarlaga er um 288 ha. Tvær tegundir, sem skráðar eru í gagnagrunni, eru á valista NÍ; hreistursteinbrjótur (VU) og maríulykill (EN) og er verndargildi flóru metið miðlungs til mikið. Flatarmál áætlaðra rasksvæða vegna slóðagerðar og mastrastæða á leið C2 er um 50 ha þar af 7 ha af votlendi sem nýtur sérstakrar verndar.

C2J5 ÖXNADALSLEIÐ MEÐ JARÐSTRENG VIÐ HÓLA Í ÖXNADAL

Valkosturinn felur í sér að leggja jarðstreng á um 5,7 km kafla við Hóla í Öxnadal. Jarðstrengskaflinn víkur frá loflínuleið C2 og mun að miklu leyti fylgja Hringvegi eða sveitavegum og það votlendi sem er á strengleiðinni hefur að töluverðu leyti verið ræst fram og er nýtt til landbúnaðar. Valkosturinn fer um skógræktarsvæði við Hóla og loks tún Þverár. Verndargildi vistgerða á jarðstrengskafla C2J5 með Hringvegi er almennt lægra en á loflínuleið C2 á sama kafla. Áætlað heildarrask er 57,5 ha sem er 7,6 ha meira en fyrir loftlínu en 0,6 ha ask minna á votlendi, um 1 ha meira af graslendi og 2 ha meira af mólendi. Jarðstrengskostur hefur þannig meiri bein áhrif á vistgerðir og flóru heldur en loftlína á þessum kafla.

EFNISTAKA

Efnistaka fyrir framkvæmd á svæði C mun að miklu leyti fara fram á efnistökusvæðum sem eru í notkun, sem einkum er að finna í áreyrum og smærri aurkeilum í dalbotnum Norðurárdals, Öxnadals og Hörgárdals. Engar æðplöntutegundir á valista eru skráðar á fyrirhuguðum efnistökusvæðum á svæði C. Bein neikvæð áhrif efnistöku á vistgerðir og flóru eru metin lítil til miðlungs og varanleiki áhrifa einnig metinn lítill til miðlungs. Með tilliti til grunnástands vistgerða og flóru á svæði C og út frá einkennum áhrifa valkosta sem lýst er hér á undan eru áhrif valkosta C1 og C1b á vistgerðir og flóru


metin talsvert neikvæð og áhrif valkosta C2 á vistgerðir og flóru eru metin nokkuð neikvæð. Ekki er munur á einkennum áhrifa vegna jarðstrengskafla við Staðarbakka, Staðartunguháls og við Akureyri á leiðarvalkostum C1 og C1b og við Hóla og Akureyri á leið C2.



Mynd 1. Valkostir frá Skagafirði til Akureyrar um Hörgársveit skv. umhverfismati Blöndulínu 3. (Heimild: Landsnet, 2022:1)

Í greinargerð Landsnets um færslu aðalvalkosta (C2) ofar í hlíðina á 17 km kafla í Hörgársveit og innan marka Akureyrarbæjar, sem fyrirtækið lagði fram eftir að kynningartíma umhverfismatsskýrslu lauk (sjá kafla 4 í þessu álit), kemur fram að samanburður vistlenda á athugunarsvæðunum sýni að um 40 ha meira er af votlendi á athugunarsvæði línuleiðar C2 miðað við nýja leið. Hins vegar liggur ný leið um 100 m hærra yfir sjávarmáli, eða í um 300-400 m h.y.s., og má gera ráð fyrir að vegna óhagstæðara

veðurfars sé gróður á þeirri leið viðkvæmari og geta vistgerða til að jafna sig eftir rask síðri en á sambærilegum hluta aðalvalkosti. Landsnet telur hliðrunina ekki breyta heildar vægiseinkunn fyrir vistgerðir og flóru á svæði C og áhrifin verði eftir sem áður nokkuð neikvæð.



Mynd 2. Yfirlitskort sem sýnir legu aðalvalkosti frá Syðri-Bægisá í Hörgársveit og að Rangárvöllum á Akureyri í samanburði við tillögu um breytta legu á þessum sama kafla. (Heimild: Landsnet, 2022:2)

5.4 Áhrifamat

Í umhverfismati Blöndulínu 3 var lagt mat á umhverfisáhrif aðalvalkosti og settar fram helstu mótvægisáðgerðir. Í þessum kafla eru helstu niðurstöður raktar.

ATVINNUÞRÓUN OG SAMFÉLAG

Framkvæmdin mun snerta íbúa á áhrifasvæðum Blöndulínu 3 á mismunandi hátt. Þau sem búa næst fyrirhugaðri línu munu verða fyrir neikvæðum áhrifum sem til að mynda felast í raski á framkvæmdatíma og breyttri ásýnd í nærumhverfi. Jákvæð áhrif framkvæmdar felast í aukinni afhendingargetu og áreiðanleika flutningskerfisins. Aukið raforkuframboð getur stutt við byggðarþróun á svæðinu og skapað aukin atvinnu- og rekstrartækifæri. Þau áhrif ná til nærliggjandi sveitarfélaga og byggðarlaga. Heilt yfir er vægi áhrifa aðalvalkosti með tilliti til atvinnuþróunar og samfélags metið talsvert jákvætt.


LOFTSLAG

Á framkvæmdatíma munu verða neikvæð áhrif vegna aukinnar kolefnislosunar. Losunin er tilkomin vegna starfsemi vinnuvéla og til lengri tíma vegna rasks á gróðurlendum og mögulegrar losunar SF6 úr kælibúnaði. Hluti af mótvægisáðgerðum Landsnets verður að kolefnisjafna framkvæmdina, vinna að endurheimt gróðurlendis og lágmarka leka SF6 með sívöktunarkerfi. Jákvæð áhrif framkvæmdarinnar á loftslag felast í auknum áreiðanleika og afhendingargetu meginflutningskerfis landsins. Traust flutningskerfi styður við orkuskipti í samgöngum og við stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum. Viðbúið er að styrking flutningskerfisins dragi úr takmörkunum á afhendingu raforku til nærliggjandi sveitarfélaga

og byggðarlaga. Fyrirtæki á svæðinu verða því ekki eins háð notkun annarra orkugjafa, eins og olíu, við starfsemi sína.

JARÐMYNDANIR

Línuleiðin mun liggja nærri fólkvangi í Öxnadal og svæðum sem eru á náttúruminjaskrá.. Línuleiðin mun að mestu liggja ofan við jarðmyndunina og ekki talið að línan muni rjúfa heildarásýnd hennar. Línuleiðin mun liggja að hluta um Hólahóla, sem eru jarðminjar og berghlaup með hátt verndargildi á landsvísu (mynd 3). Verði rask óhjákvæmilegt skulu settar fram mótvægisáðgerðir, m.a. varðandi sjónræn áhrif og landform. við framkvæmdaleyfisumsókn verði lagt fram nánari greining á umfangi rasks berghlaupsins. Línan mun einnig liggja yfir Þverárgil ofan Hóla í um 200 m fjarlægð frá fossi sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Vægiseinkunn er talsvert neikvæð. Efnistaka á Vaskáreyrum er úr aurkeilu. Hér hefur verið tekið efni áður og er náman í námuskrá Vegagerðarinnar (nr. 16023). Hluti af aurkeilunni er raskaður eftir fyrri efnistöku.



Mynd 3. Kortlögð útbreiðsla Hólahóla í Öxnadal, ásamt fyrirhugaðri línuleið C2 (Öxnadalsleið).

FUGLALÍF

Línuleiðin liggur um svæði þar sem mikilvægi búsvæða er talið lágt og mikilvægi tegunda miðlungs. Leiðin fer nærri einu fálkaóðali sem tekið verður tillit til ef framkvæmdir fara fram á varptíma. Mestan hluta leiðarinnar er línan staðsett meðfram hlíðum. Því er talið að áflug fugla á raflínuna verði í lágmarki. Vægis Einkunn er nokkuð neikvæð. Vaská rennur í Öxndadalsá. Lífríki er talið frábreytt og verndargildi lífríkis takmarkað. Lögð verður fram vöktunaráætlun vegna áflugs fugla. Í áætluninni kemur fram hvaða svæði verður vaktað, hvernig vöktun fer fram og hvenær, auk þess sem getið verður um hverjir annist vöktunina. Skilyrði verða sett í framkvæmdaleyfi um framkvæmd vöktunar á viðkvæmustu svæðum. Framkvæmdir í grennd við skráð fálkaóðöl skulu forðast á varptíma (maí–júlí), og framkvæmdaraðili skal fylgja leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar um slíkar aðstæður.

VISTGERÐIR OG FLÓRA

Línuleiðin liggur um fjölbreyttar vistgerðir sem hafa mishátt verndargildi. Leiðin liggur að hluta um votlendissvæði, sem eru yfir tveir hektarar, og heyra undir 61. grein laga um náttúruvernd. Að framkvæmd lokinni mun Landsnet vinna að endurheimt landsvæða í samstarfi við viðkomandi aðila. Vægis Einkunn er nokkuð neikvæð. Náma E-14 við Varmavatnshóla stendur á áreyri sem er gróðurlítill og stendur lágt yfir vatnsborði árinna. Náma E-15 er á aurkeilu með slitróttum gróðri. Áhrif á vistgerðir og flóru talin óveruleg. Á línuleið C2 finnast tvær tegundir friðaðra plantna samkvæmt auglýsingu nr. 1385/2021: hreistursteinbrjótur og maríulykill. Þær eru einnig skráðar á valista Náttúrufræðistofnunar. Við ákvörðunartöku um framkvæmd skal fylgja 7. gr. friðunarreglugerðarinnar og leita umsagnar Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar.

VATNALÍF

Línuleiðin mun þvera ár en vegslóðir og möstur verða staðsett utan árfarvega. Áhrifa er því ekki að vænta af þeim orsökum. Vægis Einkunn er óveruleg. Efnistaka í nýjum skilgreindum náum E-14 og E-15 mun fara fram utan árfarvegjar og því áhrif talin óveruleg á vatnalíf. Efnisnám úr námu E-15 kemur líklega ekki til með að hafa áhrif á farveg Öxnadalár, en gæti haft áhrif á farveg Vaskár.

FORNLEIFAR

Línuleiðin liggur um svæði þar sem eru skráðar 43 fornleifar. Við forhönnun og verkhönnun mannvirkja er og verður lögð áhersla á að sneiða hjá slíkum minjum til að lágmarka rask. Fornleifar í nálægð við framkvæmdasvæði verða merktar á framkvæmdatíma. Mögulega verður frekari fornleifarannsókn krafi st áður en framkvæmd hefst. Vægis Einkunn er nokkuð neikvæð til talsvert neikvæð.

LANDSLAG OG ÁSÝND

Sjónræn áhrif á landslag við Hraun í Öxnadal eru metin nokkuð mikil. Áhrif á öðrum svæðum eru minni fyrir utan næst Akureyri þar sem línun verður sýnileg í þéttbýli. Á hluta línuleiðarinnar er svigrúm, í samráði við landeigendur, til að hnika línustæðum fjær bæjum til þess að draga úr ásýndaráhrifum. Vægis Einkunn er nokkuð neikvæð.

FERÐAÞJÓNUSTA OG ÚTIVIST

Í könnun á meðal hóps ferðaþjónustuaðila, ferðamanna og útivistarfólks var bent á að svæðið í kringum Hraun og Hóla í Öxnadal væri viðkvæmt fyrir uppbyggingu á borð við nýja raflínu. Svæðið hafi mikið útivistargildi, sé mikið nýtt til gönguferða og ásýnd að Hrauni og Hraundranga sé mörgum mikilvæg. Áhrif framkvæmda á útivist og afþreyingu verða varanleg hvað varðar sjónræn áhrif. Að auki mun rask á framkvæmdatíma geta haft áhrif á hvernig svæðið er notað. Áhrif á starfsumhverfi ferðaþjónustuaðila er háð óvissu þar sem ekki er hægt að fullyrða hvort lega raflínunnar hafi áhrif á val framtíðar ferðamanna um þjónustu á svæðinu. Vægis Einkunn er talsvert neikvæð.

LANDBÚNAÐUR OG SKÓGRÆKT

Á línuleiðinni gæti heildarrask á landbúnaðarlandi numið um 41 hektara. Rask mun verða á beitjarlandi en ekki er talið að rask verði á ræktunarlandi. Á nokkrum jörðum liggur Blöndulína 3 um skipulagt skógræktarsvæði. Takmörkun verður á skógrækt á svæði undir og næst raflínu (helgunarsvæði) og vegslóðir munu einnig takmarka skógrækt. Slóðirnar geta þó síðar nýst til hagræðingar við starf skógræktaraðila. Vægis Einkunn er nokkuð neikvæð.

Rask á landbúnaðarlandi vegna Blöndulínu 3 í heild sinni hefur verið metið um 41 ha, samkvæmt umhverfismatsskýrslu Landsnets. Þessi tala nær til alls valkostar C2 (63 km), þar sem línun liggur einnig um önnur sveitarfélög. Innan marka Hörgársveitar er línun um 43 km að lengd og rask innan sveitarfélagsins er því minni. Í skýrslu Ráðgjafamiðstöðvar landbúnaðarins (2023) er fjallað nánar um

einkenni og nýtingu landbúnaðarlands á línuleiðinni. Samkvæmt henni fer línin í gegnum verðmætt beitiland á jörðum á borð við Þverá og Steinsstaði, þar sem um er að ræða mikilvægar haust- og sumarbeitir. Helgunarsvæði og aðkomuvegir munu takmarka möguleika á nýtingu hluta þessara landsvæða. Fram kemur að vægiseinkunn á áhrifum á landbúnað sé „nokkuð neikvæð“ þar sem skerðing á nýtingarsvæðum verður varanleg. Lögð er áhersla á að mótvægisáðgerðir eins og aðlögun línuvega og samnýting aðkomuslóða geti dregið úr áhrifum á búskap.

HEILSA, ÖRYGGI OG VATNSGÆÐI

Lagt var mat á raf- og segulsvið, hljóðvist og vatnsgæði. Línuleiðin er að hluta innan fjarsvæðis vatnsverndar, sett verður verklag með mótvægis og áhættuminnkandi áðgerðum. Áhrifin eru metin óveruleg til nokkuð neikvæð. Í umhverfismati Landsnets er fjallað ítarlega um raf- og segulsvið í kafla 17. Niðurstöður matsins sýna að styrkur rafsegulsviðs vegna Blöndulínu 3 er **langt innan viðmiðunarmarka**, jafnvel beint undir línunni. Styrkurinn dregst hratt úr með fjarlægð, og er vel undir viðmiðunarmörkum utan byggingarbannsvæðis (25 m frá miðlínu). Ný línuleið mun **auka fjarlægð frá íbúðarhúsum** miðað við núverandi Rangárvallalínu 1. Á Þverá mun fjarlægðin tvöfaldast (úr 250 m í 540 m), og á Steinsstöðum lengjast um 35% (úr 247 m í 335 m). Segulsvið við húsinn lækkar um 45–12% samkvæmt útreikningum. Rangárvallalína 1 verður tekin niður eftir að Blöndulína 3 fer í rekstur.

NÁTTÚRUVÁ OG REKSTRARÖRYGGI

Blöndulína 3 mun að hluta liggja um þekkt snjóflóðasvæði. Við hönnun línunnar verður gert ráð fyrir snjóflóðamöstrum til að draga úr eða koma í veg fyrir bilanir vegna náttúruvá. Á snjóflóðasvæðinu liggur línin þó samhliða Þjóðvegi 1 og því verður aðgengi að línunni gott og viðgerðartími stuttur komi til bilana vegna náttúruvá. Vægiseinkunn er nokkuð neikvæð.

VÍÐERNI

Óbyggð víðerni eru í náttúruverndarlögum skilgreind á eftirfarandi hátt: *„Svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum“*⁶ (Alþingi 2013). Í skýrslu Rannsóknarsetursins er lítið tekist á við skilgreiningu víðerna en þar er fjallað um skerðingaráhrif mannvirkja á víðerni og settar fram tillögur að nálgun. Þá getur skerðing á víðernum verið frá 1-7 km út frá mannvirki sem fer eftir umfangi þess. Landsnet telur ekki tilefni til kortlagningar á óbyggðum víðernum á þessu stigi þar sem viðmið liggja ekki skýrt fyrir. Engu að síður er út frá skilgreiningu núgildandi laga unnt að álykta um umfang óbyggðra víðerna á athugunarsvæði Blöndulínu 3 og koma þar helst til álita tvö svæði þar sem þessi skilgreining gæti átt við. Annars vegar er það Hörgárdalsheiði þar sem valkostir C1 og C1b fara úr Norðurárdal og yfir í Hörgárdal. Heiðin er án mannvirkja og því hægt að fullyrða að þar verði farið um óbyggð víðerni. Háspennulína á þessum stað skerðir því óbyggð víðerni sem nemur allt að 5 km til beggja átta, samkvæmt skilgreiningu laganna.

VATNSHLOT

Í umhverfismati fyrir Blöndulínu 3 var ekki lagt mat á umhverfisáhrif framkvæmdarinnar á vatnshlot innan Hörgársveitar. Í þessu umhverfismati sem fylgir breytingu á aðalskiplagi verður lagt gróft mat á möguleg áhrif á vatnshlot en nánari áhrifamat mun verða unnið samhliða umsókn um framkvæmdaleyfi Blöndulínu 3.

Vatnshlot er grunneining sem öllu vatni er skipt upp í og er byggt á landfræðilegum og vatnafræðilegum forsendum (Vatnavefsjá, 2024). Hér verður fjallað um vatnafar eða vatnsformfræðilega þætti sem framkvæmd mun hafa áhrif á, fjallað verður um grunnastand

⁶ Alþingi 2013

vatnshlota á svæðinu, möguleg umhverfisáhrif og mótvægisáðgerðir. Innan Hörgársveitar eru skráð 34 vatnshlot. Straumvötn eru 25 talsins, strandsjór 5, grunnvatn 3 og stöðuvatn 1. Samkvæmt vatnavefsjá er vistfræðilegt ástand straumvatna í Hörgársveit metið sem mjög gott, efnafræðilegt ástand óþekkt. Magnstaða og efnafræði grunnvatns er metið sem gott en efnafræðilegt ástand grunnvatns er óþekkt.

Línuleiðin mun þvera nokkra vatnsfarvegi, en vegslóðir og möstur verða staðsett utan farvega til að draga úr beinum áhrifum á yfirborðsvatn. Sérstökum verklagsreglum verður fylgt við framkvæmdina, til að lágmarka áhrif á vatnsgæði og flæði í vatnshlotum, sem getur annars leitt til neikvæðra áhrifa á ástand þeirra. Þegar byggingar og framkvæmdir eiga sér stað á svæðum þar sem grunnvatn er viðkvæmt, þarf að gera ráðstafanir til að tryggja að jarðrask og vegslóðir hafi ekki neikvæð áhrif á grunnvatn. Framkvæmdir við vegslóða eða möstur geta valdið raski á jarðvegi sem, ef ekki er rétt með farið, getur haft áhrif á vatnshlot og vatnsinntak, sérstaklega í þeim tilvikum þar sem vatnshlot eru viðkvæm fyrir mengun. Ekki er búist við verulegum breytingum á ástandi vatnshlota, en það fer að sjálfsögðu eftir því hvernig mótvægisáðgerðum er fylgt eftir á framkvæmdatíma.

5.5 Mótvægisáðgerðir vegna aðalvalkostar

NIÐURRIF RANGÁRVALLALÍNU 1

Eftir að Blöndulína 3 hefur verið tekin í öruggan rekstur verður Rangárvallalína 1 tekin niður. Sú aðgerð mun draga úr áhrifum á nokkra umhverfisþætti. Mestu áhrifin verða ásýnd, möstrum verður fækkað og komist hjá sjónrænum áhrifum tveggja misstórra lína sem annars myndu liggja saman á stærstum hluta leiðarinnar.

JARÐMYNDANIR

Við undirbúning verkefnisins verður lögð áhersla á og gerðar áætlanir um að lágmarka rask eins og kostur er. Þar sem línuleiðin liggur um verndarsvæði skv. 61. gr. náttúruverndarlaga, skal lágmarka allt rask á slíkum jarðmyndunum eins og kostur er og vinna í kjölfarið að endurheimt lands í samráði við viðkomandi aðila. Sérstaklega skal huga að áhrifum við þverárgil og setja fram mótvægisáðgerðir ef rask við fossinn verður óhjákvæmilegt. Línuleiðin liggur um svæði við Hóla í Öxnadal, þar sem áður hefur verið gerð tillaga um friðlýsingu lands. Svæðið hefur verndargildi vegna jarðminja, votlendis og eldstöðvaminja frá tertíer. Við mat á áhrifum skal sérstaklega tekið tillit til þessara þátta og framkvæmdum hagað með þeim hætti að raska þeim eins lítið og mögulegt er. Við framkvæmd skal forðast sjónrænt rask á berghlaupi, tryggja eins og kostur er að votlendi verði ekki fyrir varanlegu raski, og ekki grafa í jarðlög sem talin eru til mikilvægra eldstöðvaminja nema í undantekningartilvikum og með skýrum skilyrðum.

FUGLALÍF

Með niðurrifi Rangárvallalínu 1 verður komið í veg fyrir samlegð tveggja raflína í mismunandi hæð og þar með dregið úr áhættu vegna áflugs fugla.

VISTGERÐIR OG FLÓRA

Hugað er að staðsetningu mastra, umfangi slóða og nýtingu efnistökusvæða. Leitast verður eftir að endurheimta röskuð svæði í samræmi við fyrra gróðurfar og vistgerð. Við frágang verða svarðlög nýtt eins og kostur er.

VATNALÍF

Unnið verður að gerð verklags sem miðar að því að halda áhrifum á lífríki áa í lágmarki. Komi til slíkra framkvæmda verða þær t.a.m tímasettar með tilliti til vatnalífs.

FORNLEIFAR

Á forhönnunarstigi Blöndulínu 3 hafa möstur og vegslóðir verið færð til svo sneiða megi hjá fornleifum. Mótvægisáðgerðir munu taka mið af minjagildi fornleifa og könnunarskurðir grafnir sem gætu leitt til

Þess að einhverra fornleifarannsóknna verði krafist áður en til framkvæmda kemur. Unnið verður að merkingum fornleifa á framkvæmdatíma til að komast hjá raski. Mótvægisáðgerðir vegna áhrifa á menningarminjar felast m.a. í því að verklag við framkvæmdir geri ráð fyrir að öll skráð fornleifasvæði verði merkt sérstaklega, að hönnun mannvirkja taki mið af vernd þeirra, og að samráð við Minjastofnun Íslands fari fram áður en framkvæmdir hefjast. Á grundvelli fullmótaðrar hönnunar mun Minjastofnun meta nauðsyn mótvægisáðgerða og skilyrða frekari leyfisveitingar.

LANDSLAG OG ÁSÝND

Við niðurtekt Rangárvallalínu 1 mun raflína hverfa af afmörkuðum svæðum t.d. við Blönduhlíð í Skagafirði. Á öðrum svæðum verða áhrif á landslag og ásýnd minni en hefðu orðið með báðum línunum. Á forhönnunarstigi var komist að þeirri niðurstöðu að líklega væri hægt að færa til línustæði á línuleið um Öxnadal fjær nokkrum bæjum í Hörgársveit. Færslan getur numið allt að 200 m þar sem mest er og verður könnuð nánar á verkhönnunarstigi.

FERÐAÞJÓNUSTA OG ÚTIVIST

Með niðurtekt Rangárvallalínu 1 verður ásýnd bætt á staðbundnum svæðum og landrými eykst. Mótvægisáðgerðir munu ekki breyta vægiseinkunum á svæði A og B. Bent er á að ýmis dæmi eru um að slóðir sem gerðar eru samhliða raflínunum nýtist aðilum í útivist og ferðamennsku. Sá framkvæmdahluti getur því bætt aðstæður þó aðgerðin teljist ekki sem mótvægisáðgerð.

LANDBÚNAÐUR OG SKÓGRÆKT

Á forhönnunarstigi Blöndulínu 3 hafa möstur og vegslóðir verið færðar úr mikilvægu landbúnaðarlandi þar sem kostur er. Slóðir verða staðsettar í samráði við landeigendur svo samnýta megi þær fyrir bætt aðgengi að ræktunar- og beitarlandi. Möstur verða staðsett með tilliti til framtíðar landnotkunar og framkvæmdir tímasettar með tilliti til árstíðabundinna bústarfa. Niðurrif Rangárvallalínu 1 mun hafa í för með sér endurheimt lands á staðbundnum svæðum. Landsnet mun í samráði við landeigendur leitast við að haga lagningu línuvega og framkvæmda þannig að **minnsta mögulega rask verði á beitolandi**. Þar sem við á getur verið unnt að nýta línuvegi við landbúnaðarstörf. Jafnframt verður litið til þess að á sumum jörðum liggur línan um mikilvægt beitoland og verður reynt að lágmarka áhrif með staðsetningu línuvega á framkvæmdasvæðum.

HEILSA OG ÖRYGGI

Gerð verður ítarleg umhverfis-, öryggis- og heilbrigðisáætlun. Í þeim áætlunum verður tekið á þáttum sem lúta að mengunarhættu, öryggi og umgengni á framkvæmdatíma. Einnig verða tryggðar reglulegar skoðunar- og eftirlitsferðir með eftirlitsmönnum verkkaupa og sveitarfélaga, fulltrúum Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlita. Landsnet mun vinna umhverfis úttekt í lok verks í samráði við þessa aðila.

Þar sem hluti línuleiðar Blöndulínu 3 liggur innan fjarsvæðis vatnsverndar, verður við hönnun og framkvæmdir fylgt verklagi sem tryggir að mengun grunnvatns verði afstýrt. Sérstaklega verður gætt að því að forðast jarðrask, leka eldsneytis og annarrar meðhöndlunar efna sem geta haft áhrif á magn eða gæði neysluvatns, í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Allar framkvæmdir skulu háðar nauðsynlegum leyfum og framkvæmdaraðili ber ábyrgð á að slíkt verklag sé viðhaft á öllum framkvæmdasvæðum innan vatnsverndarsvæðis.

Við framkvæmd þverunar Hringvegur verður haft samráð við Vegagerðina, og framkvæmdum hagað í samræmi við viðmið hennar um öryggi, aðgengi og áhrif á samgöngumannvirki. Þetta á við bæði á framkvæmdatíma og í varanlegri útfærslu mannvirkja.

NAÁTTÚRUVÁ OG REKSTRARÖRYGGI

Tryggt hefur verið strax á forhönnunarstigi mannvirkja að valkostir Landsnets taki mið af því að standast náttúruvá svo að rekstraröryggi sé tryggt. Endanleg verkhönnun aðalvalkostar mun enn frekar byggja á gögnum um náttúruvá, m.a. hönnun snjóflóðamastra.

VATNSHLOT

Mótvægisáðgerðir sem snúa að vatnshlotum munu fela í sér að takmarka jarðrask við byggingu mastra og vegslóða. Einnig verður hugað að staðsetningu og frágangi til að koma í veg fyrir mengun í vatnsfarvegum og lágmarka breytingar á vatnsflæði. Vöktun á framkvæmdasvæðum tryggir að breytingar á ástandi vatnshlota verði snemma greindar. Framkvæmdir munu liggja innan fjarsvæðis vatnsbóla Norðurorku við Vagli í Hörgárdal. Sérstaklega skal huga að meðferð olíu og spilliefna við vinnu í slíkum svæðum og forðast jarðrask og leka sem geta haft áhrif á gæði grunnvatns. Framkvæmdaaðili skal vera í samráði við Norðurorku áður en framkvæmdir hefjast og fylgja leiðbeiningum fyrirtækisins um aðgerðir til að tryggja vernd vatnsbóla og veitukerfa.

6 HEIMILDARSKRÁ

Aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024.

Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024.

Skipulagslög nr. 123/2010.

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Lög nr. 80/2012 um menningarminjar.

Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúrufræðistofnun Íslands. Vistgerðarkort á Íslandi sótt á; <http://vistgerdakort.ni.is/>.

Náttúrufræðistofnun Íslands, 1996. Válisti 1. Plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.

Náttúrufræðistofnun Íslands, 1996. Válisti 2. Fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.

Hagstofa Íslands, 2023. Tölur um mannfjölda.

Vinnumálastofnun, 2018. Tölfræði og útgefið efni.

7 SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var

samþykkt í sveitarstjórn þann _____ 20____. _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____ 20____.

_____ Auglýsing um gildistöku aðalskipulagsbreytingar var birt í B-

deild Stjórnartíðinda þann _____ 20.